

**STJÓRNARFUNDUR FAXATORGI 1, SAUÐÁRKRÓKI
ÞRIÐJUDAGINN 30. JÚNÍ 2009 KL 09:00.**

Þriðjudaginn 30. júní kom stjórn SSNV saman til fundar á Faxatorgi 1, Sauðárkróki. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Hermann Einarsson Fjallabyggð og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri SSNV málefna fatlaðra sátu fundinn undir 1. lið. Þá sat einnig fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Fundargerðir þjónustuhóps frá 21.04.2009 og 26.06.2009** . GSG kynnti og skýrði einstaka liði fundargerðanna.
- b. **Rekstaryfirlit þjónustusvæða jan-maí 2009**. GSG kynnti og skýrði einstaka liði.
- c. **Rekstarniðurstaða þjónustusvæða 2008**. Lagðar fram upplýsingar um lokaniðurstöðu á rekstri einstakra þjónustusvæða árið 2008. Niðurstaðan var eftirfarandi; Húnaþing vestra 2% undir fjárhagsáætlun. Austur Húnavatnssýsla 6% yfir fjárhagsáætlun. Skagafjörður 3% yfir fjárhagsáætlun. Siglufjörður 2% undir fjárhagsáætlun. Uppgjör til einstakra þjónustusvæða fer fram á þann hátt að vannýttar fjárheimildir koma til lækkunar á framlögum líðandi árs en framúrkeyrsla er greidd úr varasjóði SSNV málefna fatlaðra.
Stjórn samþykkir uppgjör til þjónustusvæðana á grundvelli fengina niðurstaðna.
- a. **Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009**. Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun SSNV málefna fatlaðra árið 2009. Í endurskoðaðri áætlun er tekið tillit til nýrra verkefna sem eru í fjárlögum 2009 og eru nú þegar komin til framkvæmda
Stjórn samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins 2009.
- b. **Iðja á Siglufirði**. GSG fór yfir samningaviðræður við Fasteignafélagið Nöf á Siglufirði varðandi leigu á nýju húsnæði undir Iðju/dagvist á Siglufirði.
- c. **Önnur mál.**
 1. **Staða Fjallabyggðar í Byggðasamlagi málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra**. Stjórn samþykkir að leggja til við 17. ársþing SSNV að fulltrúi Fjallabyggðar taki sæti með atkvæðisrétt á stjórnarfundum SSNV þegar málefni Byggðasamlagsins eru til umfjöllunar.
 2. **Yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélagana 2011**. Formaður ræddir hugmyndir um að skipa starfshóp sem fjalla myndi um möguleika í samþættingu í Félagsþjónustu sveitarfélagana á Norðurlandi vestra þegar boðuð yfirfærsla málaflokksins verður að veruleika.
Framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra falið að vinna drög að erindisbréfi starfshóps.

2. SSNV – atvinnuþróun

- a. **Úthlutun úr verkefnasjóði Byggðastofunnar.** Framkvæmdastjóri lagði fram tilkynningu um úthlutun úr verkefnissjóði Byggðastofnunar til atvinnuþróunarfélagana. Framlag til SSNV atvinnuþróunar nemur 4,7 milljónum til þriggja verkefna.
 - b. **Evrópuverkefni – Stuðningsaðgerðir við verslun í dreifbýli.** Framkvæmdastjóri lagði fram kynningarefni frá Rannsóknarsetri verslunarinnar við Háskólann á Bifröst varðandi verkefnið “*Stuðningsaðgerðir við verslun í dreifbýli*”. Verkefnið er styrkt af NPP áætlun ESB og NORA. Þá rakti framkvæmdastjóri samskipti við forstöðumann rannsóknarseturs verslunarinnar varðandi möguleika á þátttöku SSNV atvinnuþróunar í verkefninu, en nokkrar verslanir á Norðurlandi vestra hafa verið valdar til þátttöku í verkefninu. Stjórn lítur verkefnið jákvæðum augum og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
 - c. **Önnur mál**
 1. **Framlög til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.** Framkvæmdastjóri lagði fram aftit af tölvupósti frá Byggðastofnun dags. 29. júní 2009. Þar er tilkynnt er að stofnuninni sé gert að lækka fjárlagaliði sem heyra undir hana um 2% á þessu ári þ.m.t. framlög til atvinnuþróunarfélagana.
3. **SSNV**
- a. **Open days 2009.** Framkvæmdastjóri kynnti undirbúning að Open days 2009 í samstarfi við SSV og FV. Páll Brynjarsson formaður SSV mun flytja erindi um endurnýjanlega orkugjafa á Open days 2009. Stjórn samþykkir að gefa þeim stjórnarmönnum sem eiga heimangengt kost á að sækja Opna daga.
 - b. **Sumarfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga 21.-22. júní 2009.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir atriði sem fram komu á sumarfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga sem fram fór í Mosfellsbæ þann 18. júní s.l.
 - c. **Ársskýrsla SSNV 2008.** Lögð fram til kynningar ársskýrsla SSNV og tengdra stofnana 2008.
4. **Fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar 2009.** Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2009. Stjórn samþykkir áætlanirnar fyrir sitt leiti og vísar þeim til afgreiðslu ársþings.
5. **Bréf og fundargerðir**
- a. **Óbyggðanefnd dags 25. maí 2009.** Lagt fram til kynningar.
Stjórn SSNV fagnar þeirri ákvörðun fjármálaráðherra að frekari lýsingu þjóðlendukrafna verði frestað. Hins vegar mótmælir stjórnin því hardlega að ekki sé gengið lengra og þeim kröfum um sem nú þegar hefur verið lýst, m.a á vestanverðu Norðurlandi verði einnig slegið á frest. Ljóst er að sveitarfélög og landeigendur þurfa á næstunni að leggja úti mikinn kostnað sem óhjákvæmilega hlýst af kröfugerðinni sem er alls ekki í anda þeirrar ákvörðunar sem áður hefur verið boðuð varðandi frestun krafna. Því skorar stjórn SSNV á fjármálaráðherra að beita sér fyrir afturköllun þeirra þjóðlendukrafna sem þegar hafa verið kynntar.

- b. **Bréf Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags 27. maí 2009 – Vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar
 - c. **Afrit af bréfi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða til Umhverfissráðuneytisins, dags 29. maí 2009, varðandi framsal eftirlitsverkefna frá Umhverfisstofnun til heilbrigðiseftirlitssvæða.**
Stjórn SSNV tekur undir það sjónarmið að óeðlilegt sé að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins sem hægt er að sinna á faglegum nótum á hagkvæman hátt frá starfsstöðum á landsbyggðinni.
 - d. **Afrit af bréfi Leiðar ehf til Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags 10. júní 2009 varðandi athugasemd við tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins fyrir árin 2009-2021.** Lagt fram til kynningar.
 - e. **Tölvupóstur Gunnars Braga Sveinssonar frá 28. maí 2009.** Í póstinum óskar Gunnar Bragi eftir lausn frá setu í Menningarráði Norðurlands vestra. Stjórn þakkar Gunnari Braga vel unnin störf í menningarráði.
 - f. **Fundargerð 424.fundar SASS.** Lögð fram til kynningar.
- 6. Erindi frá alþingi**
- a. **Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52.mál.** Stjórn SSNV bendir á að, í tillögunni eins og hún liggur fyrir, er gengið gegn sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga sem er óásættanlegt.
 - b. **Tillögur til þingsályktunar varðandi aðild að Evrópusambandinu (38. mál, aðildarumsókn að ESB, og 54. mál, undirbúningur mögulegrar aðildarumsóknar að ESB).** Stjórn SSNV leggur áherslu á að komi til aðildarviðræðna, verði sérstaklega gætt hagsmuna landbúnaðar, sjávarútvegs, sveitarfélaga og hinna dreifðari byggða.
 - c. **Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, 2. Mál, upplýsingar til almennings, EES reglur.** Veit ekki umsögn.
 - d. **Tillaga til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 18. mál.** Veitir ekki umsögn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:00.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.